



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Kirkjustræti

101 Reykjavík

Reykjanesbær, 6. febrúar 2026

Mál nr. 2026010648

Efni: Umsögn Reykjanesbæjar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 og fimm ára aðgerðaáætlun 2026–2030, 322. mál

Reykjanesbær fagnar framlagðri samgönguáætlun til ársins 2040 og þeirri framtíðarsýn sem þar er sett fram um öruggar, greiðar, sjálfbærar og hagkvæmar samgöngur sem styðja við jákvæða byggðapróun um land allt. Sveitarfélagið tekur undir meginmarkmið áætlunarinnar og telur mikilvægt að hún verði öflugur hluti af heildstæðri stefnumótun ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélagið lýsir samt sem áður vonbrigðum með að framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar sé frestað til 2032. Nú þegar eru miklar umferðartafir á kaflanum frá Fitjum að Rósaselstorgi. Reykjanesbær telur afar brýnt að verkefninu verði áfangaskipt þannig að hægt sé að hefja framkvæmdir fyrr en samgönguáætlun gerir ráð fyrir.

1. Mikilvægi Reykjaness og Keflavíkurflugvallar

Reykjanesbær leggur ríka áherslu á að staða Suðurnesja sem eitt mikilvægasta samgöngu- og atvinnusvæði landsins endurspeglar skýrt í forgangsörðun framkvæmda. Keflavíkurflugvöllur er lykilgátt Íslands til umheimsins og daglegur ferðamáti þúsunda íbúa og starfsmanna á svæðinu. Mikilvægt er að samgönguáætlunin tryggji greiðar, öruggar og sjálfbærar samgöngur til og frá flugvelli, jafnt fyrir íbúa sem atvinnulíf og ferðabjónustu.

2. Reykjanesbraut og stofnvegakerfi

Sveitarfélagið leggur áherslu á að áfram verði unnið markvisst að uppbyggingu Reykjanesbrautar, með hliðsjón af miklum umferðarþunga, öryggi og álagi vegna atvinnustarfsemi og alþjóðaflugs. Sérstaklega er mikilvægt að hraða framkvæmdum sem auka umferðaröryggi, aðskilja akstursstefnur þar sem við á og bæta tengingar við byggðakjarna á Suðurnesjum.

Vegur 425 er skilgreindur tengivegur og liggur á milli Hafna á Reykjanesi, vegs 44, og Grindvíkur, vegs 43. Mitt á milli þessara vegenda er skilgreint iðnaðarsvæði þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir starfsemi sem tengist orkuvinnslu og/eða sem stuðlar að betri nýtingu orkunnar svo sem matvælaframleiðslu, líftæknifyrirtæki, framleiðslufyrirtæki



og annarri starfsemi sem nýtir efnis- og orkustrauma sem kunna að verða til við framleiðslu á svæðinu. Áhersla er á að á svæðinu verði starfsemi sem nýtir neðanjarðarstrauma og sjó á svæðinu, en auk þess er þar staðsett tengivirkið Reykjanes.

Iðnaðarsvæðið á Reykjanesi er í fullri uppbyggingu og á næstu fimm árum munu starfa á svæðinu yfir fimm hundruð manns á hverjum degi í hinum ýmsu störfum við uppbyggingu og framleiðslu. Töluverðir vöruflutningar eru í dag til og frá svæðinu en á næstu árum munu þessir flutningar margfaldast.

Meðfram vegi 425 eru margir áhugaverðir staðir sem draga að ferðamenn og hafa heimsóknir þeirra á svæðið aukist verulega undanfarin ár og má búast við að sú aukning haldi áfram á komandi árum.

Vegur 425 gegnir einnig hlutverki í almannavörnum svæðisins þar sem hann er ein af flóttaleiðum svæðisins við náttúruhamfarir, en allir þekkja sögu þeirra á Reykjanesi undanfarin ár.

Vegur 425 var lagður á sínum tíma miðað við allt annan umferðarpunga en hann sinnir í dag, hvað þá þeirri umferðaraukningu sem fyrirsjáanleg er. Nauðsynlegt er að bregðast við tímanlega til þess að mæta þessu álagi og koma í veg fyrir fyrirsjáanleg vandamál ef ekkert verður gert.

Endurbætur á vegi 425 er ekki í tillögu að samgönguáætlun sem nú er til umfjöllunar. Reykjanesbær beinir því til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis að úr því verði bætt og endurbætur á vegi 425 hefjist ekki seinna en árið 2027 auk þess að vetrarþjónusta verði við hann alla daga vikunnar.

3. Almenningsamgöngur og breyttar ferðavenjur

Reykjanesbær telur brýnt að aðgerðir til að bæta almenningsamgöngur milli höfuðborgarsvæðisins, Suðurnesja og Keflavíkurflugvallar verði settar í forgang á fyrstu árum áætlunartímabilsins. Slíkar samgöngur eru lykilforsenda breyttra ferðavenja, minni losunar og aukinna búsetugæða.

4. Hafnir

Í gildandi svæðisskipulagi Suðurnesja er Helguvíkurhöfn skilgreind sem stórskipahöfn svæðisins. Upp af Helguvíkurhöfn er gert ráð fyrir uppbyggingu á iðnaðarsvæði sem byggir á hringrásarkerfi út frá þróunaráætluninni K64, en það er stefnumótandi þróunar- og atvinnuáætlun fyrir Suðurnes. Helguvíkurhöfn er flokkuð í samgönguáætlun undir grunnnet hafna.

Í fyrirliggjandi tillögu nr. 322 til þingsályktunar er gert ráð fyrir stuðningi úr Hafnabótasjóði við uppbyggingu í Helguvíkurhöfn með lengingu á núverandi viðlegukanti á Norðurbakka hafnarinnar um 100 metra til vesturs. Þessi uppbygging er nauðsynleg til þess að höfnin geti þjónustað þá atvinnuuppbyggingu sem er á svæðinu, en á síðasta ári komu 57 skip til



Helguvíkurhafnar með misjafnlega langri viðlegu í hvert sinn. Sú atvinnuuppbygging sem nú er í gangi mun auka þessar skipakomur um 50+ skip á ári auk þess sem önnur atvinnuverkefni sem eru að skoða uppbyggingu á svæðinu munu skapa sambærilega skipaumferð. Það liggur því fyrir að stækkun viðlegukants á Norðurbakka Helguvíkurhafnar er brýn til þess að hamla ekki þessum áformum og því nauðsynlegt að hefja þær framkvæmdir fyrr en gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi áætlun, en þar er upphafsár framkvæmda 2030. Óskað er eftir að umhverfis- og samgöngunefnd geri hér breytingu á og færi stuðning Hafnabótasjóðs fram um tvö ár eða til ársins 2028.

5. Öryggi og viðnámsþróttur innviða

Með hliðsjón af náttúruvá á Reykjanesskaga, þar á meðal jarðhræringum og eldsumbrotum, telur Reykjanesbær afar mikilvægt að samgönguinnviðir á svæðinu séu hannaðir og styrktir með tilliti til öryggis, viðnámsþróttar og neyðarviðbragða. Sveitarfélagið styður áherslur á aðlögun samgöngumannvirkja að loftslagsbreytingum og óvæntum náttúruatburðum.

6. Samráð við sveitarfélög

Reykjanesbær leggur áherslu á að virkt og reglulegt samráð ríkis og sveitarfélaga verði haft við framkvæmd samgönguáætlunar, sérstaklega þegar kemur að forgangs röðun verkefna á svæðum þar sem íbúafjöldi, atvinnustarfsemi og umferð hafa aukist hratt á undanförunum árum.

Niðurstaða

Að mati Reykjanesbæjar er samgönguáætlunin mikilvægur grunnur að áframhaldandi uppbyggingu samgöngukerfis landsins. Sveitarfélagið hvetur til þess að í framkvæmd áætlunarinnar verði sérstaklega horft til hlutverks Suðurnesja, Reykjanesbrautar og tenginga við Keflavíkurflugvöll, með það að markmiði að tryggja öryggi, hagkvæmni og sjálfbæra þróun til framtíðar.